

Fundargerð

20. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 7. maí 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Afreksmál FRÍ

Afreksstjóri kynnti breytingar vegna afreksúthlutunar 2019 og umræður síðustu tveggja vikna sem fóru fram m.a. á rafrænum spjallaþræði stjórnar. Rætt um fyrri úthlutun. Greint frá lokatillögu afreksstjóra. Umræður og fyrirspurnir. Stjórn FRÍ samþykkti tillöguna. Úthlutun fer fram fös. 10. maí nk. kl. 17.00. Starfsmönnum falið að boða styrkþega og forsvarsmenn íþróttafélaganna sem að styrkþegum standa.

3. Mótaskrá 2020

Minnt á að kynna þarf mótaskrá 2020 á formannafundi, fastur liður.

4. Opinn formannafundur – 10. maí 2019

Rætt um skráningu, sem er óveruleg. Skrifstofu falið að hringja út í sem flesta formenn og kanna stöðu. Stjórn FRÍ felur formanni FRÍ að taka ákvörðun, af eða á, kl. 14.00 miðvikudaginn 8.5 hvort vorfundurinn sé sameinaður haustfundi.

5. Fjármál, endurskoðun fjárhagsáætlunar 2019 – Ársreikningur 2018

Gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikning 2018. Stjórn samþykkti ársreikninginn fyrir sitt leyti með fyrirvara um áritun skoðunarmanna. Áritun stjórnar mun fara fram í kjölfarið. Umræðu um endurskoðun á fjárhagsáætlun 2019vísað til næsta fundar.

6. Afreksmál unglinga

Gert grein fyrir fundi starfsmanna og formanns með unglinganefndinni. Sagt frá jákvæðri aðkomu verkefnastjóra FRÍ að störfum nefndarinnar. Stjórn FRÍ þakkaði fyrir störf unglinganefndar og starfsmanna FRÍ á þessum vettvangi.

7. Tillaga orðunefndar vegna íþróttapings ÍBH

Formaður FRÍ og um leið formaður orðunefndar gerði grein fyrir tillögu um orðuveitingar til fimm aðila á þingi ÍBH skv. lögum FRÍ. Stjórn samþykkti tillöguna og fól varaformanni FRÍ að sjá um að afhenda viðurkenningarnar þann 11. maí nk.

8. Önnur mál

- ÍSí þing. Fulltrúar FRÍ voru þrír, mættu alltaf snemma og fóru seint, tóku virkan þátt.
- Greint frá Víðavangshlaupi ÍR, fyrsta sumardag, sem var um leið Íslandsmótið í 5 km.
- Starfsmannamál. Greint frá því að auglýsingatími vegna nýrrar verkefnastjórastöðu stendur yfir. Mjög góð svörun og mikill áhugi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:59 með því að Freyr formaður sagði frá því þegar hann þurfti að vera í þemur úlpum í Garðabæ um árið.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.